

Borgarráð

Viðauki vegna Hverfisgötu 41

Lagt er til að borgarráð samþykki fjárheimild að upphæð 63.000 þús.kr til að fjármagna samkomulag við eigendur Hverfisgötu 41, Reykjavík. Fjárhæðin gjaldfærist í Eignasjóði á kostnaðarstað *4200 Lóðir og lönd, sala byggingarréttar* og er fjármögnuð af handbæru fé. Tillagan hefur óveruleg áhrif á niðurstöðu rekstrar, efnahags og sjóðsstreymis A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Umhverfis og skipulagssvið óskaði eftir að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar semdi við eigendur að Hverfisgötu 41 með það að markmiði að núverandi hús fái að standa áfram á lóðinni og skipulagi verði breytt þannig að byggingarréttur verði felldur niður. Borgarráð samþykkti þá tillögu þann 13.10.2016.

Í þessu samkomulagi felst að keyptur er fyrirbyggjandi byggingarréttur af núverandi eigendum sem tryggir að unnt er að gera nýtt deiliskipulag á þessari eign. Eigendur skuldbinda sig til þess að hlýta tillögu að breyttu deiliskipulagi og geta ekki gert kröfu vegna breytinga sem gerðar verða á skipulaginu. Greiða þeir fyrir nýjan byggingarrétt, verði hann samþykktur með nýrri breytingu á deiliskipulagi. Haldið er eftir greiðslu, kr. 10.000.000, þar til deiliskipulag hefur verið endanlega samþykkt.

Tillagan er ekki fjármögnuð innan núverandi fjárhagsáætlunar og kallar þess vegna á þessa tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun 2016.

Þar sem tillagan varðar breytingu á fjárhagsáætlun ber að vísa henni til samþykktar í borgarstjórn, sbr. 63. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Dagur B. Eggertsson

